



eEvrópa

Upplýsingasamfélag fyrir alla

*Greinargerð fyrir verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið um starf á vegum
Evrópusambandsins til að styðja við þróun upplýsingasamfélags í Evrópu.*



Rannsóknþjónusta

HÁSKÓLA ÍSLANDS

Mars 2005

Yfirlit:

Stefnumótun ESB um upplýsingasamfélagið í Evrópu.....	3
eEurope.....	4
eTEN	5
eGovernment	5
eHealth	5
eInclusion	6
eBusiness.....	6
Trust and Security	6
eLearning.....	6
IDABC	7
eContentPlus.....	7
Safer Internet plus	7
Information Society Technologies (IST).....	7
Umfang áætlana og aðkoma Íslands.....	8
Þátttaka Íslendinga í einstökum samstarfsáætlunum.....	9
IST	9
eContent áætlunin.....	10
eLearning áætlunin.....	10
eTEN áætlunin.....	10
Þjónusta við samstarfsáætlanir	11

Meðfylgjandi greinargerð var unnin af starfsfólki Rannsóknþjónustu Háskólans að beiðni verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið. Hér er að finna stutt yfirlit yfir helstu áætlanir Evrópusambandsins sem tengjast upplýsingatækni og innleiðingu hennar. Tilgangur greinargerðarinnar er að veita yfirlit yfir áætlanir, árangur og helstu hagsmuni íslenskra aðila, auk þess að rekja hvernig þjónustu við þessar áætlanir er hagað, reifa hvaða kostir eru mögulegir varðandi þjónustu og hvaða væntingar er raunhæft að gera varðandi árangur af þátttöku Íslands. Þá er þess vænst að greinargerðin geti nýst sérstaklega til að taka afstöðu til þátttöku Íslands í eTEN áætluninni.

29. mars 2005
Ágúst H. Ingþórsson
Forstöðumaður Rannsóknþjónustunnar

Stefnumótun ESB um upplýsingasamfélagið í Evrópu

Stefnumótun og stuðningur Evrópusambandsins við upplýsingatækniiðnaðinn og þróun upplýsingasamfélags í Evrópu er með margvíslegum hætti. Greina þarf á milli þriggja þátta. Í fyrsta lagi almennrar pólitískrar markmiðssetningar, í öðru lagi aðgerðaráætlana þar sem reynt er að samræma margvíslegar aðgerðir, bæði á vettvangi Evrópusambandsins og aðildarríkjanna sjálfra og í þriðja lagi samstarfsáætlana sem ESB setur af stað, með skilgreindan líftíma og fjárhagsáætlun, til að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem samstaða er um, þannig að hægt sé að ná þeim pólitísku markmiðum sem sett hafa verið. Rétt er að taka fram að þróast hefur ansi flókin uppbygging þar sem samstarfsáætlunum, aðgerðaáætlunum og pólitískum markmiðum er blandað saman og þræðirnir liggja víða á milli. Því getur verið örðugt fyrir leika að átta sig á uppbyggingunni.

Hvað varðar pólitísku markmiðin, ber Lissabon ferlið hæst þennan áratuginn, en það miðar að því að gera Evrópu að samkeppnishæfasta þekkingarsamfélagi heimsins fyrir árið 2010. Þessi almenna markmiðssetning hefur síðan verið útfærð á einstökum sviðum. Framþróun upplýsingatækninnar með aðaláherslu á innleiðingu og aukna notkun á upplýsingatækni í álfunni er þar mikilvægur þáttur. Framkvæmdastjórn ESB samræmir aðgerðir aðildarríkjanna og hefur sett fram heildstætt yfirlit um upplýsingasamfélagið þar sem stefna ESB og aðgerðir er í 7 flokkum: 1. Menning og samfélag, 2. efnahagslíf og vinnuumhverfi, 3. menntun og þjálfun, 4. lífsgæði, 5. upplýsingatækniiðnaðurinn, 6. svæðisbundið samstarf og 7. rannsóknir.¹

Til að hrinda markmiðunum í framkvæmd styðst ESB við þrjú tæki, sem svo má kalla. Í fyrsta lagi aðgerðaáætlunina eEurope sem tekur til fjölmargra þátta og er nokkurskonar yfiráætlun yfir aðgerðir á sviði upplýsingatækni og þróun rafræns samfélags. Í öðru lagi sjálfstæðar

¹ Sjá http://europa.eu.int/information_society/index_en.htm

samstarfsáætlanir sem eru sértækari; eins og eTEN, eContent, eLearning, IST, IDA (og frá 2005 IDABC). Fjallað er stuttlega um hverja þeirra aftar í skjalinu. Í þriðja lagi eru einstakar aðgerðir, sem geta ýmist verið sjálfstæðar áætlanir með eigin fjárhagsáætlun eða fyrst og fremst pólitísk markmið sem reynt er að ná með þeim áætlunum sem til staðar eru. Í síðastnefnda flokknum má nefna eGovernment, eLearning, eHealth og eBusiness, sem allar falla undir þemasvið eTEN, sbr. nánari umfjöllun hér að neðan.

Mjög misjafnt er hversu nálægt markaði og endanlegri notkun þessar aðgerðir og áætlanir eru. eTEN áætlunin og margar þeirra sértækari eru ansi nærri innleiðingu og markaði. Þær hafa það beinlínis sem markmið að koma þekktri tækni í notkun. Þá eru almennari samstarfsáætlanir sem eru fjær markaði og skipta þar mestu eContent áætlunin sem tengist menntun og menningu og svo upplýsingatæknihluti rannsóknaráætlunar ESB, sem hefur úr langmestu fé að spila allra áætlana sem fjallað er um í þessari greinargerð. Loks er rétt að nefna tvær áætlanir sem fela í sér verkefni á sviði upplýsingatækni, þótt það sé ekki sérstaklega viðfangsefndi þeirra. Það eru Sókrates menntaáætlunin og Leonardó starfsmenntaáætlunin. Í Sókrates er sérstakur hluti, Minerva, sem er ætlað að styrkja við rafrænt umhverfi menntunar, sérstaklega á framhaldsskólastigi. Í Leonardó hefur notkun upplýsingatækni í starfsnámi verið stillt upp sem forgangsatridi a.m.k. einu sinni, en áherslan er samt ævinlega á starfsmenntunina sem slíka.

Hér að neðan er stuttlega fjallað um upplýsingatæknihlutann í rannsóknáætlun ESB, enda frekari upplýsingar aðgengilegar og þátttaka Íslands í áætluninni nánast sjálfgefin á meðan EES-samningurinn er í gildi. Ekki er fjallað sérstaklega um Sókrates og Leonardó af þeirri ástæðu að ekki er auðvelt að einangra sérstaklega upplýsingaþáttinn og almennt er þátttaka Íslands í þeim í góðum farvegi. Þess í stað er sjónum beint að þeim áætlunum og þáttum í evrópsku samstarfi sem ekki eru jafn kunnir.

eEurope

Eins og að ofan greinir er megin aðgerðaráætlun Evrópusambandsins í málefnum upplýsingasamfélagsins sem nú er í gildi svonefnd eEurope 2005 aðgerðaáætlun. eEurope var fyrst ýtt úr vör árið 2000, í framhaldi af þeim markmiðum sem sett voru í Lissabon 1999 um að gera Evrópu að samkeppnishæfasta þekkingarsamfélagi heims fyrir árið 2010. eEurope er ætlað að stuðla að þróun rafræns samfélags í álfunni og vænlegu umhverfi fyrir fjárfesta á sviði upplýsingatækni. Áhersla er lögð á fjölgun starfa á svið upplýsingatækni, aukinni framleiðni og nútímalegri almannaþjónustu og að veita öllum Evrópubúum aðgang að hinu alþjóðlega upplýsingasamfélagi. Markmið aðgerðarinnar er að stuðla að öruggri og víðtækri þjónustu yfir breiðband. Um er að ræða aðgerðaáætlun (*action plan*) en ekki eiginlega samstarfsáætlun (*programme*), sjá skilgreiningu að ofan. Undir hatti eEurope hefur farið fram viðamikil stefnumótun á svið upplýsingasamfélagsins sem meðal annars birtist í þeim samstarfsáætlunum og einstaka aðgerðum sem gerð er grein fyrir hér að neðan. Því má segja að eEurope sé einskona yfiráætlun yfir allt það sem gert er innan ESB á þessu sviði. EFTA ríkin í EES eru ekki aðilar að eEurope með beinum hætti, en Norðmenn hafa þó sett upp sína eigin aðgerðaráætlun sem speglar það sem gert er innan eEurope. Þess ber einnig að geta að til staðar er sjálfstæð áætlun, Modinis, til hliðar við eEurope, sem hefur það hlutverk að fylgjast með hvernig gengur að hrinda markmiðum eEurope í framkvæmd. Henni er meðal annars

ætlað að kortleggja það sem gert er á sviði eEurope í hverju aðildarríki, stuðla að bættu samstarfi og breiða út það sem vel er gert í hverjum málaflokki.² Þótt Ísland sé ekki beinn aðili að eEurope hafa Íslendingar þó tekið þátt í Modinis áætluninni frá upphafi og hefur fulltrúi verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið átt sæti í stjórnarnefnd áætlunarinnar.

eTEN

eTEN áætlun Evrópusambandsins styrkir einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og samtök, sem vilja veita þjónustu á sviði fjarskiptatækni á Evrópuvísu, við að þróa viðskiptaáætlun og koma þjónustu á markað. Áhersla er lögð á opinbera þjónustu, með sérstakri áherslu á þau svið þar sem samkeppnisstaða Evrópu er sterkust. Þetta er gert til að stuðla að forskoti Evrópu á þeim sviðum. Verkefnum er ætlað að styðja við félagsgerð Evrópu um samþætt samfélag allra þegnanna og brúa þá tæknigjá sem myndast hefur milli svæða og kynslóða. Áætlunin nær yfir nokkur helstu svið upplýsingasamfélagsins sem Evrópusambandið rekur nú þegar sjálfstæðar áætlanir fyrir og gerð er grein fyrir hér að neðan; þau eru eGovernment, eHealth, eInclusion, eBusiness og Trust and Security Services Components. eTEN hefur að auki eigið fjármagn og þurfa umsóknir í eTEN að snerta ofangreind svið. Hægt er að sækja um þrjár tegundir verkefna: Í fyrsta lagi yfirfærsluverkefni (*Initial Deployment Projects*) þar sem eTEN greiðir 10% af heildarkostnaði. Fyrir ráðherraráði ESB liggur nú tillaga um að auka hámarkið í 30%. Í öðru lagi markaðskönnunarverkefni (*Market Validation Projects*) þar sem eTEN greiðir 50% af leyfilegum kostnaði sem getur mest numið 10% af áætlaðri heildar fjárfestingu. Í þriðja lagi stuðnings- og samræmingarverkefni (*Support and Co-ordination projects*) fyrir eTEN þar sem ESB greiðir allan kostnað. Fjárhagsáætlun eTEN áætlunarinnar fyrir árið 2005 eru tæpar 47 milljónir Evra.³

eGovernment

Undir eGovernment áætlunina falla verkefni sem miða að því að veita opinbera þjónustu á vefnum. Áætlunin tekur einnig til verkefna á sviði menningar, ferðamála, samgangna og umhverfismála, auk þjónustu sem hefur að markmiði að auka þátttöku í lýðræðislegum ferlum. Helsta markmið eGovernment er að koma á alhliða rafrænni stjórnsýslu og ná þannig fram virku sambandi milli stjórnsýslueininga, stofnanna, borgara, félagasamtaka og fyrirtækja.⁴

eHealth

eHealth er ætlað að ná yfir ný upplýsingakerfi og þjónustu sem eykur bæði aðgengi og gæði þjónustu og lækkar kostnað við heilbrigðisþjónustu, sérstaklega á jaðarsvæðum og í hinum dreifðari byggðum. Verkefnin eiga að bregðast við framþróun í læknávisindum og lýðfræðilegum breytingum. Auk almenns heilbrigðis er lögð megin áhersla á rafræna heilbrigðisþjónustu og þróun upplýsingakerfa í opinberri heilbrigðisþjónustu. Meðal forgangsmála er að veita svæðisbundnum stjórnsýslueiningum tækifæri til að bregðast við breytingum varðandi félagsgerð og tækni.⁵

² Sjá http://europa.eu.int/information_society/eeurope/2005/all_about/modinis/index_en.htm

³ Sjá nánar http://europa.eu.int/information_society/activities/eten/index_en.htm

⁴ Sjá http://europa.eu.int/information_society/soccul/egov/index_en.htm

⁵ Sjá http://europa.eu.int/information_society/eeurope/2005/all_about/ehealth/index_en.htm

eInclusion

eInclusion er ætlað að styðja við þjónustu sem styrkir félagsgerð Evrópu (*European social model*). Til að mynda skal hugað að þörfum fatlaðra, eldri borgara og þeirra sem eru félagslega einangraðir. Einnig að vinna gegn félagslegum, efnahagslegum, landfræðilegum og menningarlegum hindrunum auk þess að koma í veg fyrir að nýjar tæknilegar hindranir verði, svo sem einhvers konar stafræn útilokun (*Digital exclusion*).⁶

eBusiness

Áætluninni Þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (*Services for SME's*), er ætlað að auðvelda minni fyrirtækjum að taka þátt í hinu nýja rafræna hagkerfi sem hefur þróast á umliðnum árum. Megin áhersla er á, að auka samkeppnishæfni þessara fyrirtækja með því að auðvelda þeim að nýta sér ýmiskonar rafræna þjónustu, bæði á sviði stjórnsýslu og viðskiptakerfa. Meðal annars er lögð áhersla á að stuðla að samstarfi einkafyrirtækja og opinberra aðila.⁷

Trust and Security

Traust og öryggi (*Trust and Security services components*), nefnist áætlun sem miðar að því að auka áreiðanleika í rafrænum viðskiptum og stjórnsýslu og stuðla þannig að auknu trausti og öryggi í hinu rafræna hagkerfi. Mikilvægt er að vernda gögn sem innihalda persónuupplýsingar og koma í veg fyrir svikastarfsemi svo nauðsynlegt traust skapist á hinum rafræna vettvangi.⁸

eLearning

eLearning fellur undir þemasvið eTEN með sama hætti og ofangreindar aðgerðaráætlanir en er ennfremur sjálfstæð áætlun sem styrkir verkefni úr eigin sjóðum. eLearning tekur almennt á notkun marmiðlunartækni og Netsins með það að markmiði að auka gæði menntunar. Áhersla er lögð á verkefni sem bæta aðgengi að upplýsingum og gagnaböndum og þjónustu tengdum fjarvinnslu. Áætluninni er skipt niður í fjögur áherslusvið sem lúta að tölvulæsi (*Digital literacy*), sýndarskólum (*Virtual campus*), dreifingu á þekkingar með því að benda á það sem best er gert í skólum aðildarríkjanna (*Transversal actions*), og eflingu á samstarfi skóla í Evrópu (*eTwinning*). Í eLearning áætluninni eru veittir styrkir til verkefna þar sem notast er við Netid og margmiðlunartækni til að stuðla að yfirfærslu þekkingar og færni til nýrra notenda, auka gæði og aðgengi að fræðslu og kennslu. Gert er ráð fyrir að námsumhverfið muni breytast til muna með tilkomu nýrrar tækni. eLearning er ætlað að styðja við aðgerðir og áætlanir í aðildarlöndum sem hafa að markmiði að auka alhliða menntun og símenntun með sérsniðnum hætti fyrir einstaklinginn, til að mynda í gegnum heimanám, vinnustaði, fjarnám eða í hefðbundnum skólastofnunum.⁹ Gildistími núverandi áætlunar er frá 2004 til 2006.

⁶ Sjá http://europa.eu.int/information_society/eeurope/2005/all_about/einclusion/index_en.htm

⁷ Sjá http://europa.eu.int/information_society/ecowor/ebusiness/index_en.htm

⁸ Sjá http://europa.eu.int/information_society/eeurope/2005/all_about/security/index_en.htm

⁹ Sjá http://europa.eu.int/comm/education/programmes/elearning/index_en.html

IDABC

IDABC (*I*nteroperable *D*elivery of European eGovernment Services to public Administrations, *B*usiness and *C*itizens) tók við af IDA áætluninni (*I*nterchange of *D*ata between *A*ministrations) í ársbyrjun 2005 og stendur til loka árs 2009. Tilgangurinn með áætluninni er að stuðla að því að stjórnsýslukerfi aðildarlandanna skiptist í auknum mæli á rafrænum gögnum í því augnamiði að koma á raunverulegri rafrænni stjórnsýslu á Evrópu-vísu, til hægðarauka fyrir notendur þvert á landamæri álfunnar. Meðal markmiða er að bæta gæði og auka upplýsingastreymi milli stjórnsýsla landanna á öruggan hátt, hvort sem það er á stigi bæjarfélaga og borga, héraðsstjórna, einstakra ríkja eða samevrópskra stofnanna.¹⁰

eContentPlus

eContent Plus tók við af eContent áætluninni í ársbyrjun 2005 og varir til loka árs 2008. Helsta markmið er að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra og auðvelda og auka nýtingu þess sem þegar er til. Áætluninni er ætlað að auðvelda notendum að vinna á þeim hindrunum sem enn eru í veginum. Meginaðgerðirnar eru að auðvelda aðgengi að evrópsku stafrænu efni og bæta nýtingu þess, bæta gæði stafræns efnis með því að auðvelda aðilum að læra hver af öðrum og styrkja samstarf og upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem framleiða eða nota stafrænt efni. Áætlunin er miðuð að þörfum notenda og ætlað að skapa viðskiptatækifæri. Því er áhersla lögð á raunhæf verkefni sem geti staðið undir sér eftir að styrkveitingu lýkur. Áhersla er lögð á mennta- og menningartengt efni, til að mynda er tengist fjarnámi.¹¹

Safer Internet plus

Safer Internet plus áætlunin gildir á árunum 2005 – 2008 og tekur við af Safer Internet áætluninni. Hún byggir á sömu markmiðum og sú fyrri, sem er að stuðla að öryggi á Netinu og auðvelda notkun fyrir foreldra, börn og leiðbeinendur. Áætlunin hefur um 50 milljónir evra til ráðstöfunar til að fjármagna verkefni sem vinna gegn ólöglegu og hættulegu efni á Netinu. Nýja áætlunin mun einnig ná til annarra miðla svo sem myndbanda og mynddiska og mun einnig taka á öðrum atriðum svo sem kynþáttafordómum og ruslpósti. Áætlunin mun í enn ríkari mæli en fyrirrennarinn beina sjónum að verkefnum sem tengjast þörfum endanlegra notenda, kennara, foreldra og barna. Safer Internet áætlunin hefur lítið verið kynnt á Íslandi og samtökin Heimili og skóli hafa þegar tekið þátt í einu verkefni.¹²

Information Society Technologies (IST)

Upplýsingatækniáætlun ESB (IST) er eitt sjö þemasviða innan 6. rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun. Markmiðið er að efla upplýsingatækniáætlunina í Evrópu, auka frumleika frumkvæði og samkeppnismátt evrópsks viðskiptalífs og stuðla að samvinnu og endurskipulagningu rannsókna í álfunni. Hvað fjárveitingu varðar er þetta stærsta einstaka þemasviðið og er fjárveiting til áætlunarinnar fyrir tímabilið 2003-2006 um fjórir milljarðar evra. Þegar næsta rannsóknaráætlun hefst árið 2007 er gert ráð fyrir að minnsta kosti sömu fjárveitingu til

¹⁰ Sjá <http://europa.eu.int/idabc/>

¹¹ Sjá <http://www.cordis.lu/econtent/>

¹² Sjá http://europa.eu.int/information_society/activities/sip/index_en.htm

Þessa hluta en líklegra er þó að nokkur aukning muni eiga sér stað á því fjármagni sem verður til ráðstöfunar.

Áætlunin styrkir evrópskar rannsóknir á sviði upplýsingasamfélagsins. Meginrannsóknarsvið sem styrkt eru:

Hagnýtar rannsóknir í upplýsingatækni og vísindum sem gangast í baráttunni gegn stórum félagslegum og efnahagslegum vandamálum,
Samskipta-, tölvu- og hugbúnaðartækni,
Þekkingar- og viðmótstækni,
Framtíðartækni og væntanleg tækni upplýsingasamfélagsins.¹³

Umfang áætlana og aðkoma Íslands

Fjárhagslegt umfang ofangreindra áætlana á sviði upplýsingatækni er mismikið. Upplýsingatækniáætlunin innan 6. rammaáætlunarinnar er með yfir 90% af öllu því fjármagni sem hér um ræðir. Þetta segir þó ekki alla söguna því margar af þeim aðgerðum sem ESB beitir sér fyrir fela í sér samræmingu og samhæfingu á því sem gert er í einstaka aðildaríkjum. Sá kostnaður fellur á hvert ríki fyrir sig. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir umfang þeirra áætlana sem hér eru til umfjöllunar og upplýsingar um beinan kostnað Íslands af þátttökunni á ársgrundvelli.

Yfirlit yfir kostnað Íslands af Evrópskum áætlunum sem tengjast upplýsingatækni

Heiti áætlunar	Tímabil	Heildarfjárveiting	Framlag Íslands	árlegt framlag Íslands	árlegt framlag Íslands
IST	2003-2006	3.984.000.000 €	4.087.584 €	1.021.896 €	83.795.472 kr.
Mondinis	2003-2005	22.400.000 €	24.700 €	6.175 €	506.350 kr.
e-Content Plus	2005-2008	163.000.000 €	191.700 €	47.925 €	3.929.850 kr.
Safer Internet Plus	2005-2009	50.000.000 €	56.000 €	14.000 €	1.148.000 kr.
e-TEN	2005	46.600.000 €	43.600 €	43.600 €	3.575.200 kr.
e-Learning	2004-2006	44.000.000 €	66.600 €	22.200 €	1.820.400 kr.
IDABC	2005-2009	148.700.000 €	142.300 €	28.460 €	2.333.720 kr.
Samtals		4.458.700.000 €	4.612.484 €	1.184.256 €	97.108.992 kr.

Byggt á tölum á vef EFTA skrifstofunnar 1 € = 82 kr.

Rétt er að minna á að Ísland tekur ekki þátt í þessum áætlunum með tvíhliða samningi, heldur er þátttaka í hverri áætlun fyrir sig ákveðin sameiginlega af EFTA ríkjunum. Tölurnar hér að ofan sýna það fjármagn sem skuldbundið er að greiða; greiðslur dreifast hins vegar á lengri tíma þar sem líftími verkefna er oft 2 - 4 ár. Þannig tekur um 7 - 8 ár að greiða að fullu fjárhagsskuldbindingar 6. rannsóknaráætlunarinnar. EFTA sendir reikning til Íslands tvisvar á ári vegna þátttökunnar í öllum áætlununum og menntamálaráðuneytið greiðir fyrir þátttöku Íslands á öllum sviðum, óháð því hvaða fagráðuneyti sér um þátttökuna að öðru leyti.

¹³ Sjá <http://www.cordis.lu/ist>

Eins og fram hefur komið snúa áætlanirnar eTEN, eContentPlus og eLearning að notendum og þörfum þeirra fyrir aðgengi að upplýsingum og fræðsluefni við hæfi. Jafnframt miðast áætlanirnar að því að byggja upp umhverfi sem bætir innihaldið á vefnum og auðveldar og eykur notkunina. Nefndar áætlanir leggja ennfremur áherslu á að efla notkun vefsins og upplýsingatækninnar við nám og kennslu og sérstök áhersla er lögð á að auka framboð á námsefni á tölvutæku formi á vefnum. Þessar áætlanir eru ekki sérstaklega rannsóknamiðaðar heldur beinast fremur að notendum. eContent Plus og eTEN hafa mjög sterk viðskiptaviðmið.

Ísland hefur þá sérstöðu að atvinnulífið og einstaklingar nýta einstaklega vel upplýsingatæknina. Á mörgum sviðum stöndum við framar öðrum þjóðum og getum miðlað miklu. Þó verður að segjast að til þessa hefur hérlendum fyrirtækjum almennt gengið erfiðlega að finna flöt á því að framleiða og markaðsetja námsefni.

Hérlend fyrirtæki og stofnanir í upplýsingatækniiðnaðinum hafa lagt meiri áherslu á notkun og þróun frekar en eiginlegar rannsóknir. Þau virðast nokkuð ákveðin í því hvernig verkefnum þau vilja taka þátt í og lítill áhugi er á, að taka þátt í verkefnum sem ekki eru nægjanleg hnitmiðuð eða falla ekki beint að þeirra hugmyndum og framtíðaráformum. Flest íslensk fyrirtæki og stofnanir eiga það sameiginlegt að fjarlægðin og skortur á þekkingu á erlendum mörkuðum er þeim fjötur um fót en mörg ættu að geta nýtt áætlanir á borð við eContent Plus, eTEN og eLearning til að yfirstíga þann þröskuld.

Þátttaka Íslendinga í einstökum samstarfsáætlunum

IST

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í upplýsingatæknihluta rannsóknáætlunar ESB frá því við fengum fyrst aðgang að áætluninni í byrjun 4. rammaáætlunarinnar árið 1994. Frá upphafi hefur Rannsóknþjónusta Háskólans sinnt starfi landstengiliðar fyrir áætlunina í samstarfi við RANNÍS. Mikil sókn hefur verið í áætlunina. Í 4. rammaáætlun var fjöldi umsókna með íslenskri þátttöku 69 en fjöldi samþykktra verkefna sem hlutu styrki voru 30, sem þykir afar gott árangurshlutfall og miklu hærra en almennt gerist.¹⁴ Samkvæmt skýrslu um þátttöku í áætluninni skiluðu 300 mkr. sér til baka í formi styrkja til fyrirtækja og stofnana á Íslandi.¹⁵ Í 5. rammaáætluninni (1999-2002) var fjöldi umsókna 63, en fjöldi samþykktra verkefna með íslenskri þátttöku 16. Árangurshlutfallið lækkaði því nokkuð, nam 25 % sem er þó heldur hærra en meðaltalið í ESB. Færri verkefni með íslenskri þátttöku skiluðu líka minni styrkjum til fyrirtækja og stofnana, eða alls um 170 mkr.¹⁶ Sóknin í 6. rammaáætlunina (2003-2006) hefur verið góð það sem af er, en árangurinn hefur ekki verið að sama skapi góður. Tölur frá desember 2004 sýna 37 umsóknir með íslenskri þátttöku, en einungis 7 verkefni hafa verið samþykkt. Heildarstyrkur til íslenskra aðila í þeim verkefnum gæti numið um 100 mkr. Til einföldunar er þetta sett fram í töfluformi hér:

¹⁴ Sjá Áhrif á Íslandi. Fjórða rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun 1994-1998.

Menntamálaráðuneytið, 1998, s. 9. Hér eru teknar saman tölur fyrir þrjár undiráætlanir: ACTS (fjarskiptatækni), ESPRIT (upplýsingatækni) og Telematics (fjarvirkni), en mikil breyting varð á skipulagi og uppbyggingu milli 4. og 5. rammaáætlana ESB.

¹⁵ Sama, s. 29. Gengisviðmið við útreikninga í skýrslunni er 1 evra = 81 króna.

¹⁶ Byggt á óútefni skýrslu menntamálaráðuneytisins, tafla 2-5.

Tímabil	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Upphæð styrkja
1995-1998 – 4. ár	69	30	300 mkr.
1999-2001 – 4. ár	63	16	170 mkr.
2003-2006 – 2. ár	37	7	100 mkr.

Á 10 árum hafa því um 50 rannsókn- og þróunarverkefni með íslenskri þátttöku hlotið styrki úr rannsóknáætluninni. Heildarupphæð styrkja til íslenskra þátttakenda á þessu tímabili gætu verið um 550-600 mkr. Umfang þessara verkefna er hinsvegar mun meira en styrkurinn til íslenskra þátttakenda einna og lætur nærri að hægt sé að margfalda með 8 sem gefur þá heildar umfang að upphæð nærri 5 milljörðum króna. Aðgengi að svo umfangsmikilli þekkingarsköpun og þróunarvinnu hlýtur að skipta máli fyrir þróun á íslensku upplýsingasamfélagi.

eContent áætlunin

Ísland hefur tekið þátt í eContent áætluninni frá upphafi, árið 2001. Til að byrja með var enginn sérstakur aðili til að kynna áætlunina, en Rannsóknþjónustunni var falið það verkefni árið 2002. Í framhaldi af því var áætlunin kynnt á Íslandi. Stofnanir og fyrirtæki sýndu áætluninni mikinn áhuga strax eftir fyrstu kynningu en fresturinn til að sækja um var svo stuttur að engar umsóknir bárust í það skiptið. Í næstu umsóknarlotu var mikil aðsókn og áhugi á þátttöku þrátt fyrir að áætlunin væri á mjög þröngu sviði. Reynt var eftir megni að aðlaga tillögur að áherslusviðunum og tólf verkefnatillögur voru bornar undir starfsmenn eContent áætlunarinnar í Brussel til umsagnar. Flestar hugmyndirnar fengu góðar umsagnir og nokkrar fóru inn sem umsóknir en í öðrum tilfellum voru fyrirtækin ekki tilbúin í tæka tíð. Þrjár umsóknir voru samþykktar að lokum þar sem tvö fyrirtæki og ein rannsóknastofnun hlutu styrki.

eLearning áætlunin

Ísland hefur tekið þátt í eLearning frá upphafi. Alþjóðaskrifstofa Háskólastigsins sér um kynningu á áætluninni hér á landi. Nokkrir aðilar hafa sýnt áætluninni áhuga en fáir hafa þó sent inn umsóknir enn sem komið er. Tveir aðilar sem upphaflega skoðuðu möguleika á að sækja um í eContent, sendu inn umsóknir 2004. Það voru Viðskiptadeild Háskóla Íslands og Háskólinn í Reykjavík, en hvorugum tókst að finna samstarfsaðila í tæka tíð. Vinnuáætlun fyrir árið 2005 hefur enn ekki verið birt. Þó virðist sem að áherslusvið Íslands í menntamálum falli almennt vel að áætluninni.

eTEN áætlunin

Íslendingar hafa ekki enn tekið þátt í eTEN áætluninni þrátt fyrir að margir hafi sýnt henni áhuga. Norðmenn hafa mjög þrýst á um þátttöku og raunar ákveðið að greiða úr sérstökum sjóði fyrir þátttöku norskra aðila í eTEN verkefnum. Óljóst er af hverju Ísland hefur ekki séð sér hag í þátttöku áætluninni enda höfum við tekið þátt í flestu öðru Evrópsamstarfi á sviði upplýsingasamfélagsins. Þetta skýtur því skökku við og raunar þyrfti að rökstyða það alveg sérstaklega ef tekin verður ákvörðun um að skilja þetta einstaka svið eftir, enda er eTEN

mikilvægur hlekkur í því að hrinda eEurope markmiðunum í framkvæmd sem skiptir okkur Íslendinga miklu.

Það er til marks um mikinn áhuga Íslendinga á þátttöku í áætluninni að í það minnsta einn aðili, Rit ehf., hefur tekið þátt í eTEN verkefni án þess að fá nokkuð greitt fyrir. Verkefnið Tilraunasamfélagið Ísland hefur sýnt því mikinn áhuga að sækja um í e-Business hluta eTEN og bæði skólaþróunarverkefnið í Grundarfirði og Menntagáttin eru góð dæmi um þá tegund verkefna sem eLearnig hluti eTEN hefur verið að styrkja. Einnig má nefna verkefni sem unnin hafa verið hjá skattayfirvöldum, Tollstjóra, Alþingi og fleiri opinberum stofnunum hefðu hæglega getað tekið þátt í eTEN verkefnum væri hún opin, enda er henni ætlað að fjármagna að hluta samstarf opinberra stofnana og atvinnulífs við að vinna saman að því að hanna og setja upp rafræn stjórnsýslukerfi.

Það er mat starfsfólks Rannsóknarþjónustunnar að mörg af þeim verkefnum sem komið hafa til skoðunar undanfarin ár, í tengslum við þátttöku okkar í rannsóknáætluninni og á fleiri sviðum, hefðu átt frekar heima undir eTEN. Ástæðan fyrir þessu er sú að mörg þeirra eru í reynd komin mjög nærri markaði og snúa að upptöku tækni og innleiðingu fremur en eiginlegum rannsóknum og þróun. Það er jafnframt mat starfsfólksins að við myndum eiga góða möguleika á þátttöku í nokkrum verkefnum.

Þjónusta við samstarfsáætlanir

Það er reynsla starfsmanna Rannsóknarþjónustu Háskólans að töluverðan tíma og góðan aðdraganda þarf til að vinna að flóknum samstarfsverkefnum á vettvangi ESB, sérstaklega þegar fyrirtæki eiga í hlut. Varast ber að reyna að sveigja hugmyndir fyrirtækjanna að forgangssviðum áætlana aðeins til að fá styrki. Miklu nær er að finna þá áætlun sem fyrirtækinu eða stofnuninni hentar best og mætir þörfum þeirra. Því er einkar brýnt að nýta það úrval af styrkjum sem úr er að spila. Það er einnig reynsla okkar að þegar fyrirtæki eða stofnun hefur mótað verkefnahugmynd og fundið hvernig hægt er að ganga frá höfundar-réttarmálum innan samstarfsins er mikilvægum áfanga náð og þótt ekki verði úr umsókn eða þótt umsóknin fái ekki styrk er vinnunni ekki kastað á glæ. Hugmyndin er oft tekin upp síðar á öðrum vettvangi eða í öðru formi.

Almennt hefur gengið nokkuð erfiðlega að koma íslenskum fyrirtækjum á framfæri við erlenda umsækjendur að verkefnum. Til að það náist þarf talsvert langa og umfangsmikla markaðssetningu og vinnu við að koma upp tengslaneti sem fyrirtækin geta nýtt og ekki má gleyma að það tekur alla aðila talsverðan tíma að læra að vinna eftir þeim aðferðum sem áætlanirnar útheimta. Þó hefur talsvert nú þegar verið gert sem byggja má á.

Almennt hefur aðstoð og stuðningur við sókn í sjóði ESB verið mjög takmarkaður og dreifður. Svo sem fyrr segir hefur þjónusta við upplýsingatæknihluta rannsóknáætlunarinnar verið hjá Rannsóknarþjónustu Háskólans, í samstarfi við RANNÍS, frá upphafi. Á fyrsta tímabilið veitti framkvæmdastjórn ESB beinan styrk til kynningarstarfs og til að aðstoða umsækjendur. Frá 1998 hefur slíkur stuðningur ekki verið til staðar. Án þess að nokkuð sé hægt að staðhæfa um orsakasambengi, þá er athyglisvert að árangurshlutfallið hefur verið lægra eftir 1998 en fyrir þann tíma.

Rannsóknþjónustan hefur einnig séð um kynningu á eContent fyrir menntamálaráðuneytið frá 2002 og hefur ráðuneytið greitt fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið sérstaklega vegna áætlunarinnar. Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins var falið að kynna eLearning áætlunina og fær greitt sérstaklega fyrir það. Jafnframt hefur Rannsóknþjónustan vísað á eLearning og reynt að greiða fyrir þátttöku í áætluninni. Til viðbótar verður svo að nefna aðkomu þeirra ráðuneyta sem eiga hlut að máli í hverju tilfelli og eiga fulltrúa í stjórnarnefndum og sjá jafnvel sjálf um kynningar. Það eru forsætisráðuneyti og ráðuneyti vísinda og menntamála, iðnaðar- og viðskipta og fjarskipta og samgangna.

Það er mat starfsmanna Rannsóknþjónustunnar að hagkvæmast væri að þjónusta við allar þær áætlanir sem fjallað er um í þessu yfirliti væri betur samhæfð og helst á einni hendi. Meginrökin eru þau að oft er það sami markhópurinn sem leitar eftir stuðningi og ekki er hægt að ætlast til þess að menn átti sig almennt á þeirri flóknu flóru sem áætlanirnar og þjónustan við þær eru. Þá er nokkur skörun milli áætlana, en þær fást þó allar við upplýsingatækni, þótt með ólíkum hætti sé.

Við skipulag á þátttöku í samstarfsáætlunum ESB þarf að gera greinarmun á pólitískri stefnumótun og úthlutun styrkja til verkefna. Stjórnsýslan verður að taka þátt í pólitískri stefnumótun og vinnu sem lýtur að samráði og samanburði milli landa og þar geta þjónustuskrifstofur eins og Rannsóknþjónustan ekki haft neinu veigamiklu hlutverki að gegna. Rannsóknþjónustan getur hinsvegar aðstoðað íslensk fyrirtæki, háskóla og rannsóknastofnanir við að nýta þá möguleika sem felast í samstarfsáætlunum þar sem hægt er að sækja um sérstaka styrki.

Rannsóknþjónusta Háskólans er tilbúin að takast það verkefni á hendur að sjá um þjónustu við allar áætlanirnar, fáist til þess lágmarksfjármögnun. Í því sambandi er rétt að minna á að beinn kostnaður af þátttöku okkar í ofangreindum áætlunum er um 100 mkr. á ári og mögulegur ávinningur í formi styrkja og annars stuðning er mun meiri en það. Því er ekki óeðlilegt að lagt sé í nokkurn kostnað til að tryggja sem mestan ávinning af þeirri fjárfestingu sem þegar er búið að ráðast í með þátttöku í samstarfsáætlunum ESB.